

Eiríkur Rögnvaldsson

Hver ber ábyrgð á íslenskukennslunni í Háskóla Íslands?

Í Reglugerð Háskóla Íslands er að finna misítarleg fyrirmæli um hvað skuli kennt í deildum skólans. Í sumum deildum er tekið nákvæmlega fram hvaða greinar skuli kenna, hverjar þeirra séu skylda og hverjar val, o.s.frv. Ekkert slíkt kemur hins vegar fram í þeim greinum sem fjalla um heimspekideild, nema hvað tekið er fram að almenn málvísindi og almenn bókmenntafræði skuli ævinlega vera skylduþættir í tungumálagreinum. Að öðru leyti er aðeins talið upp hvaða greinar skuli kenndar, hvaða prófgráður deildin veiti, og hversu langt nám sé að baki hverri prófgráðu. Þetta þýðir að ákvörðun um hvað skuli kennt innan hversrar greinar er algerlega á valdi deildarinnar sjálfar - og í raun hversrar einstakrar greinar, því þótt deildarfundur sé að forminu til æðsta vald í málum deildarinnar er ákaflega sjaldgæft að hann skipti sér af því sem telst innri málefni hversrar kennslugreinar, hvað þá hnekki ákvörðun sem þar hefur verið tekin.

Undanfarin 17 ár, síðan einingakerfi var tekið upp í heimspekideild haustið 1977, hefur verið talsvert val innan íslenskunnar; einkum þó eftir að reglugerð var breytt 1982, þannig að unnt er að taka 90 einingar í einni grein. Náminu hefur verið skipt í kjarna, sem allir taka, og val. Kjarninn hefur lengi verið 40 einingar, auk BA-ritgerðar, en í haust var samþykkt að stækka hann um 5 einingar fyrir alla sem taka íslensku sem aðalgrein, og taka auk þess upp 20 eininga bundið val fyrir þá sem taka íslensku til 90 eininga. Kjarninn hefur ævinlega skipst jafnt milli málfræði og bókmennta. Markmiðið með honum hefur verið að kynna helstu rannsóknar- og greiningaraðferðir í málfræði og bókmenntum, og auk þess að gefa lauslegt yfirlit yfir bæði íslenska bókmenntasögu og íslenskt málkerfi og málsögu. Þetta eru, held ég, markmið sem enginn ágreiningur er um. Menn hefur hins vegar greint nokkuð á um stærð kjarnans, og hvernig þessum markmiðum verði best náð.

Það má segja að ákvarðanir um kennslu fari fram á þremur sviðum. Í fyrsta lagi eru það ákvarðanir um rammann, þ.e. stærð og innihald kjarnans. Slíkar ákvarðanir eiga sér yfirleitt langa forsögu, og eru sjaldnast teknar fyrr en einu til tveimur árum eftir að undirbúningur hefst. Þannig var t.d. gerð veruleg breyting á kjarnanámsskeiðum haustið 1989, og þá breytingu mátti rekja a.m.k. til umræðna snemma árs 1988, sem síðan var fylgt eftir með ráðstefnu á vegum Mímis í október sama ár og nefndastarfi í einhverja mánuði þar á eftir. Þessi skipan hefur verið óbreytt í fimm ár, en sú breyting á kjarna sem tekur gildi í haust var til umræðu í allan fyrravetur. Mér sýnist að frá upphafi einingakerfisins hafi yfirleitt verið gerðar breytingar á kjarnanum á 4-5 ára fresti.

Því má bæta hér við að ég held að við allar breytingar á kjarnanum hafi verið stefnt að tvennu; annars vegar að gera BA-námið að góðri heild sem standi fyrir sínu, og jafnframt að gera það að góðum undirbúningi framhaldsnáms. Eins og margir vita var BA-námið í upphafi miklu frekar hugsað sem undirbúningur frekara náms en sem sjálfstæð heild, og því held ég að megi segja að gamla BA-prófið í stigakerfinu hafi ekki verið sérlega heppilegur undirbúningur t.d. undir kennslu. Úr því hefur verið reynt að bæta á seinni árum, hvernig sem til hefur tekist.

Á næsta sviði eru svo þær ákvarðanir sem teknar eru við gerð kennsluskrár hverju sinni. Þá er bæði ákveðið hvaða valnámskeið skuli kennd næsta vetur, og einnig hvaða kennarar kenni hvert námskeið, en það getur haft veruleg áhrif á innihald námskeiðsins. Sum valnámskeið eru kennd á hverjum vetri; önnur eru kennd annað hvert ár eða svo; og enn önnur eru kennd einu sinni eða tvisvar, en síðan ekki meir. Þetta fer bæði eftir aðsókn

og áhuga nemenda og óskum kennara. Hins vegar er reynt að láta þessa þætti ekki ráða öllu; sum námskeið eru kennd enda þótt ekki sé búist við mikilli aðsókn, vegna þess að mönnum finnst nauðsynlegt að rækja einhver tiltekin svið. Þannig er t.d. með námskeið eins og Germanska samanburðarmálfræði; það er ekki við því að búast að stúdentar þyrpist þangað, en eigi að síður hafa kennarar talið nauðsynlegt og sjálfsagt að kenna þá grein reglulega.

Valnámskeiðin á BA-stigi hafa að mörgu leyti verið vaxtarbroddurinn í íslenskukennslunni undanfarin ár; þar hefur gefist kostur á að kynna fyrir nemendum nýjar stefnur og viðfangsefni í málfræði og bókmenntum, og reynt var að hafa talsverða endurnýjun í þessum námskeiðum, bæði með því að bjóða alveg ný námskeið, og einnig með því að skipta að verulegu leyti um efni í öðrum námskeiðum þótt þau héldu sama nafni. Niðurskurður undanfarinna ára hefur því miður gert alla nýsköpun og endurnýjun erfiða; frá vetrinum 1991-92 sýnist mér valnámskeiðum hafa fækkað um a.m.k. 8, sem er u.þ.b. þriðjungur. Þar með verður endurnýjun lítil, vegna þess að þá eru nær eingöngu eftir námskeið sem nauðsynlegt hefur þótt að kenna á hverju ári.

Í kennsluskrá er birt stuttur lýsing hvers námskeiðs. Þær lýsingar eru þó yfirleitt svo almennar að þær segja ósköp lítið, og þar að auki telja kennarar sig yfirleitt ekki mjög bundna af þeim. Þarna erum við því komin á þriðja sviðið þar sem ákvarðanir um kennslu eru teknar; það eru þær ákvarðanir sem hver einstakur kennari tekur um kennslu sína. Í reynd er það svo að kennarar ráða ákaflega miklu um það hvað þeir kenna og hvernig. Kennarinn ákveður hvaða bækur hann notar, hvaða kennsluáðferðir hann viðhefur, hvort hann leggur heimaverkefni fyrir nemendur, o.s.frv.; og þótt námsmat sé skv. reglugerð háð samkomulagi kennara og nemenda er það yfirleitt svo í reynd að kennari ræður formi þess.

Auðvitað er þetta sjálfstæði kennara mismikið; bæði vegna þess að námskeiðin eru ólík, og líka vegna þess að kennararnir eru ólíkir. Í kjarnanámskeiðum er t.d. minna svigrúm en í valnámskeiðum; þar liggur sémilega ljóst fyrir hvað þarf að gera. Nýir kennarar sem taka við slíkum námskeiðum reyna yfirleitt að afla sér upplýsinga um hvernig þau hafa verið kennd fram að því, hvaða bækur hafa verið notaðar, hvernig námsmátið hafi verið o.s.frv. En eftir sem áður er talsvert svigrúm fyrir sjálfstæðar ákvarðanir kennara um efnistöð, og jafnvel í slíkum námskeiðum er hægt að breyta um bækur o.fl. Og í raun og veru er það svo að enginn segir kennara fyrir verkum; þegar kennara hefur verið úthlutað tilteknu námskeiði er lítið svo á að honum sé þar með treyst til að bera fulla ábyrgð á því, og hafi þar með nánast óskorað vald til að kenna það efni og á þann hátt sem hann telur best.

Það sem að framan segir á eingöngu við um BA-stig. Á meistarastigi er tilbreytingin og frelsið mun meira; þar eru engin kjarnanámskeið, og þar er sama námskeiðið yfirleitt aldrei kennt tvö ár í röð. Endurnýjun er þar miklu meiri en á BA-stiginu, og ég held að flestir kennarar reyni þar að endurnýja námskeið sín að verulegu leyti; ekki kannski í hvert einasta skipti sem þeir kenna þau, en a.m.k. öðru hverju.

Þetta er að segja um formlegu hliðina; hvar ákvarðanir eru teknar. Svo má spyrja að því á hvaða forsendum kennararnir byggi sínar ákvarðanir; hvers vegna ákveðum við að kenna þessi námskeið og á þennan hátt?

Að einhverju leyti fer þetta auðvitað eftir því hvers konar nemendum við tökum við, og hvers konar nemendum við viljum skila frá okkur. Náms efni í byrjendanámskeiðum hlýtur að taka mið af því hvað nemendurnir kunna fyrir. Það hefur oft verið rætt um það undanfarin ár hvort nýstúdentar séu að einhverju leyti verr á vegi staddir en áður var, t.d. í mál fari og stafsetningu. Um það er erfitt að dæma, og ég skal ekki fullyrða neitt um það. Ég hef haft tilhneigingu til að halda að munurinn stafi fyrst og fremst af því að við fáum núna miklu breiðari og sundurleitari hóp en áður var, og því ekki við öðru að búast en þar slæðist

með ýmsir sem ekki eru jafn vel á vegi staddir og æskilegt væri. Ekki má heldur gleyma því að stór hluti þeirra sem hefja íslenskunám á hverju hausti eru með stúdentspróf sem er eldra en tveggja til þriggja ára, og því getur verið farið að fyrnast yfir ýmislegt sem menn hafa einhvern tíma lært. Það er þó ekki að frumkvæði kennara, heldur stúdenta, sem tekið verður upp nýtt kjarnanámskeið í haust; Aðferðir og vinnubrögð, þar sem m.a. er fjallað um málfar og stafsetningu, ritgerðasmíð, heimildanotkun o.s.frv.

Það sjónarmið hefur löngum ráðið miklu um það hvað kennt er að nemendur verði að fá yfirferð um allt "sviðið", ef svo má segja; fá nasasjón af öllum tímabilum bókmenntasögunnar og öllum helstu bókmenntagreinum, og auk þess af bæði fornu máli og nútímamáli og helstu undirgreinum málfræðinnar. Rökin fyrir þessu hafa fyrst og fremst verið sótt í framtíð nemendanna; það hefur verið sagt að meirihluti þeirra sem tækju próf í íslensku færi fyrr eða síðar í kennslu, og yrði þá að geta kennt hvað sem er; þess vegna mættu ekki vera áberandi glöppur í menntuninni. Sömu rök hafa oft verið notuð fyrir því að hafa ákveðið lágmark bæði í málfræði og bókmenntum. Þær breytingar sem voru gerðar á námsskipaninni fyrir 5 árum miðuðu einkum að því að gera kjarnann heppilegri og betri heild að þessu leyti. Nú taka flestir 90 einingar í íslensku einni. Kjarnanum er þá lokið á öðru ári, og þá hafa menn hluta annars ársins og allt þriðja árið til að velja námskeið eftir áhugasviði sínu -námskeið sem byggjast á því að menn hafi lokið kjarnanum.

Ég teldi mjög æskilegt að nýta valnámskeið á BA-stigi betur til að svara óskum og þörfum umhverfisins; til að búa nemendur betur undir ýmis störf eða annars konar framhaldsnám en það fræðilega nám sem fram fer á meistara stigunum. Hins vegar hefur svigrúm til slíks nánast horfið; menn eiga erfitt með að hugsa sér að fórna t.d. kennslu í Íslendingasögum eða beygingarfræði fyrir einhverjar tilraunir og nýjungar með óljósu markmiði.

Það er ljóst að í stefnumótun um íslenskukennslu í Háskólanum ráða allt önnur lögmál en á grunn- og framhaldsskólastigi; Háskólinn nýtur nær algers sjálfræðis, og sjálfstæði einstakra kennara þar er mjög mikið. Þess vegna er erfitt að bera þessi skólastig saman. Það sem við háskólakennarar þurfum á að halda eru meiri leiðbeiningar og hugmyndir frá umhverfinu; frá framhaldsskólunum, atvinnulífinu, útskrifuðum nemendum o.s.frv. Annars er vissulega hætt á að íslenskukennslan í Háskólanum einangrist og missi tengslin, bæði við önnur skólastig og væntanlegan starfsvettvang útskrifaðra.